

Slys á barni í skóla:
Viðbrögð – tilkynning – skráning – uppgjör

Starfsmaður skóla hringir í aðstandenda barns og felur honum að fara með barn á sjúkrahús, heilsugæslu, tannlæknis eða fer sjálfur með barnið ef því er að skipta.

Ef um alvarlegt slys er að ræða skal hringja í neyðarlínuna 112

Starfsmaður skóla skráir slysið niður og tilkynnir slysið til skólastjóra/aðstoðarmanns skólastjóra sem kemur þar til gerðu eyðublaði til VÍS.

http://vis.is/media/1500/tilkynning_slys-innanlands-e.pdf

Fyrsta komugjald á slysadeild/heilsugæslu er greitt af skóla/leikskóla. VÍS greiðir beinan útlagðan slysakostnað vegna læknishjálpar vegna slyssins, umfram eigin áhættu. Ekki er eigin áhætta á tannbrotstjónum.

Uppgjöri/tjóni lokið

Til upplýsinga:

Alvarleg slys teljast þau slys sem eru til þess fallin að geta valdið langvarandi heilsutjóni, eins og beinbrot, höfuðhögg, djúpir skurðir, meiðsl á baki og hálsi, tognun og meiðsl á liðum.

Mikilvægt er að tilkynna tjón sem fyrst frá tjónsatburði til þess að eiga það ekki á hættu að tjónið fyrnist. Ekki má draga það að tilkynna tjón lengur heldur en eitt ár frá því að tjónsatburður gerðist.

Nánari upplýsingar: Á www.vis.is er hægt að nálgast tjónstilkynningu og prenta út. Fylla skal út eyðublað sem heitir slys innanlands. Best er að senda tjónstilkynninguna á tjon@vis.is til að fá nánari upplýsingar er best að hafa samband við tjónadeild VÍS í síma 560-5000 eða viðkomandi tengilið sveitarfélagsins.